

## 39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 20 000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

## 40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, ásamt síðari breytingum.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Ferðaskrifstofur þær, sem öðlast hafa leyfi og eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 2. gr. laga þessara og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 2. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

*Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Með lögum þessum heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur, samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

## 2. gr.

Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, eða fyrirmæla, sem sett eru eftir þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

## 3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu, hvort og hvenær ákvæðum heimildarlaga þessara skuli beitt.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

3. marz 1969.

Nr. 6.

**L Ö G**

**um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1969 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

## 2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundradshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*